

Stjórnarfundur nr. 4

12. ágúst 2009 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Friðrik Lunddal, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir. Margrét Kjartansdóttir boðaði forföll 9. ágúst.

1. Minningarsjóður Emilíu – úrsögn úr stjórn sjóðsins og umsóknir um styrki

„ 25.júlí 2009

Til stjórnar HRFÍ

Hér með segjum við af okkur úr stjórn Minningarsjóðs Emilíu. Óskum við sjóðnum velfarnaðar.

Kær kveðja, Svava Berglind, Heiðís Sigursteinsdóttir”

Umsókn 1: (fyrirspurn og umsókn frá apríl 2009)

Umsókn um styrk úr minningarsjóði Emilíu vegna þjálfunar á hjálparhundi. Þjálfunin er í gangi núna og því liggur ekki allur kostnaður fyrir en við gerum ráð fyrir að þetta muni kosta okkur u.þ.b. 5-600 þúsund. Því myndi breyta miklu fyrir okkur ef sjóðurinn sæji sér fært um að veita okkur styrk upp í kostnað. Með von um góðar móttökur

Umsókn 2: (Umsókn frá 18. júní)

Sótt um styrk vegna þjálfun á hjálparhundi fyrir fjölfötlaðan einstakling í hjólastól sem þarf að stýra með hökustýripinna og stjórna tölvu með augnstýringu. Ennig er viðkomandi heyrnarlaus en heyrir smá með hjálp kuðunsígræðslu í hægra eyra.

Stjórn getur ekkert aðhafst í málum sjóðsins nema að breyta reglum hans. Bíða verður eftir svári frá fjölskyldu Emilíu.

2. Afmælisýning 22. – 23. ágúst

Frétt 7. ágúst á vefsíðu HRFÍ:

Afmælisýning HRFÍ 22. & 23. ágúst – tilkynning frá sýningastjórn

Sýningastjórn, formaður og starfsmenn skrifstofu eru að leggja lokahönd á dagskrá afmælisýninga, 686 hundar eru skráðir til keppni á laugardeginum og 673 á sunnudegi. Níu dómara frá Norðurlöndum og einn frá Bretlandi dæma sýninguna, níu sýningahringir verða í gangi fyrri daginn og tíu þann síðari.

Það er ljóst að þetta er stærsti og víðamesti viðburður sem félagið hefur ráðist í til þessa. Félagsmenn hafa brugðist vel við kalli til starfa og búið er að fullmanna allar stöður í dómhringjum og augnskoðun þó enn eigi eftir að manna ýmis önnur störf á sýningasvæðinu. Kunnum við þeim fjölmörgu sem ætla að leggja hönd á plóg, bestu þakkir fyrir, án þeirra væri þetta ekki hægt.

Til að einfalda sýninguna og stytta úrslit, hefur sýningastjórn ákveðið að ræktunar- og afkvæmahópar verði ekki á dagskrá þessara sýninga. Þá verður ekki parakeppni og tegundarhópar 4 og 6 verða dæmdir saman (sem einn).

Í úrslitum hvorn dag verður keppt í tegundarhópum 1,2,3,4/6,5,7,8,9 og 10, auk keppni um besta ungvíði, besta hvolp og besta öldung ásamt besta hundi sýninga.

Áætlað er að hafa forkeppni (pre-judging) í tegundarhópum 2 og 9 og hjá ungvíði og hvolpum.

Keppni ungra sýnenda fer að venju fram á föstudegi. Skráðir eru 35 keppendur til leiks, 7 í eldri flokki og 25 í yngri. Dómari er Auður Sif Sigurgeirsdóttir.

3. Afmælisútgáfa Sáms – áætlaður útgáfudagur í næstu viku, fyrir afmælisýningu.

4. NKU fundur föstudaginn 21. ágúst á Grand Hotel

5. NKU vísindaráðsfundur á skrifstofu HRFÍ 17. og 18. ágúst

6. Vinnupróf

Vinnupróf á vegum Vinnuhundadeildar HRFÍ					
Dagskrá ágúst - september 2009					
Dags	Tegund prófs	Síðasti skráningafrestur	Dómari	Staðsetning	Próf hefst kl.
5.8.2009	Spor 1	29.7.2009	Albert Steingrímsson	Sólheimakotsafleggjari	18:00
12.8.2009	Bronspróf	5.8.2009	Sigríður Bílddal	Auglýst síðar	
19.8.2009	Bronspróf	12.8.2009	Albert Steingrímsson	Auglýst síðar	
29.8.2009	Spor 1	21.8.2009	Albert Steingrímsson	Sólheimakotsafleggjari	9:00
30.8.2009	Spor 2	21.8.2009	Albert Steingrímsson	Sólheimakotsafleggjari	9:00
5.9.2009	Bronspróf(tvöfalt)	28.8.2009	Albert Seingrímsson	Auglýst síðar	
6.9.2009	Hlýðni 1	28.8.2009	Albert Steingrímsson	Auglýst síðar	
23.9.2009	Spor 1	16.9.2009	Albert Steingrímsson	Mæting N1 Lækjargata Hf.	18:00
27.9.2009	Hlýðni 1	18.9.2009	Björn Ólafsson	Auglýst síðar	

Ofangreind dagskrá var sett á vefsíðu HRFÍ 24. júlí sl. eða sama dag og Albert Steingrímsson, formaður Vinnuhundadeildar, sendi hana til formanns HRFÍ. Eðlilegt er að tveimur fyrstu prófunum hafi verið aflýst vegna ónógrar þátttöku þar sem dagskrá kom alltof seint til birtingar.

7. Breytingartillaga á grundvallarreglum

A-2288 e

Samþykkt á stjórnarfundum 15. júlí sl.:

1. Almenn

Félagsmönnum í Hundaræktarfélagi Íslands ber að:

1.5. Hvorki styðja né taka þátt í þjálfun, prófum eða keppnum sem byggja á ógnun eða átökum hunds og manns. Þessi regla gildir um starfsemi á Íslandi. Í undantekningartilvikum viðurkennir HRFÍ próf og keppnir á vegum erlendra hundaræktarféлага þar sem svokölluð varnarvinna er hluti

Til að taka af allan vafa og í hvaða samhengi þessi liður var settur í grundvallarreglur félagsins er lagt til að samþykkt verði að bæta inní textann þannig að greinin verði svohljóðandi:

1. Almenn

Félagsmönnum í Hundaræktarfélagi Íslands ber að:

1.5. Hvorki styðja né taka þátt í þjálfun, prófum eða keppnum sem byggja á ógnun eða átökum hunds og manns (**t.d. árásar- og/eða varnarþjálfun**). Þessi regla gildir um starfsemi á Íslandi. Í undantekningartilvikum viðurkennir HRFÍ próf og keppnir á vegum erlendra hundaræktarféлага þar sem svokölluð varnarvinna er hluti

Samþykkt.

8. Hundafiminámskeið 28. – 30. ágúst – Lars Bang

Fjórtán þátttakendur með hund og einn án hunds eru skráðir á námskeiðið.

Tekjur án vsk. eru kr.231.325.- og áætlaður kostn. kr.244.706.-

Tap kr.13.381.-

Greiðsla kr.30.000 fyrir hundafimisýningu í Kópavogi 17. júní sl. kemur á móti þessu tapi.

9. FCI Book of the Centenary

A-2288 b

Dear Mrs Víorarsdóttir,

As you probably know, the FCI is preparing the Book of the Centenary to celebrate its 100 anniversary.

In this framework, we take the liberty to seek your cooperation by asking you to please send us :

A photograph of your most popular national breed

Any other document, photograph, piece from archives illustrating the FCI history that you would find suitable to be shown in this book

For photographs, the format requirements are the following : 300 dpi at 100% of the picture.

I will be your contact person in the framework of this project, so please send any document for my attention (lunaduran.m@fci.be). Do not hesitate to call me should you have any question. I would also like to inform you that I will maybe need your further assistance in this project in the next few months, so please let me know who I should contact in the future, if you wish me to contact someone else in your organisation.

Thank you very much in advance for your valuable cooperation.

Yours sincerely,

Marie LUNA DURÁN

Marketing and Public Relations Manager

Samþykkt að vísa erindinu til stjórnar díf og óska eftir að þeir takið málið að sér fyrir hönd stjórnar. Senda síðan erindið til baka til stjórnar sem sendir til FCI.

10. Tölvupóstur 16. júlí sl. frá félagsmanni

Málið verður tekið upp á næsta stjórnarfundum þar sem stjórn hefur fundað lítið vegna sumarfría og mikils álags vegna undirbúnings NKU fundar, afmælisýningar og afmælishátíðar.

11. Önnur mál

- **Augnskoðun á afmælisýningu**

Um 180 hundar eru skráðir en skráningarfrestur rennur út föstudaginn 14. ágúst

- **Erindi frá Svæðafélagi Norðurlands**

A-2288 c / A-2288 d

Í febrúar sl. kom beiðni frá Svæðafélaginu HRFÍ á Norðurlandi um að fá augnskoðun á Akureyri í tengslum við augnskoðun í Sólheimakoti í maí. Þessi beiðni kom of seint þannig að ekki var hægt að verða við henni. Þessi beiðni er nú ítrekuð í tengslum við væntanlega augnskoðun í haust/vetur. Formaður svæðafélagsins, Sigurlaug Hauksdóttir, telur að fólk nýti sér eitthvað augnskoðunina í tengslum við afmælisýninguna en að það sé ekki nema lítil partur þeirra sem þarf að láta augnskoða.

Samþykkt að vera með augnskoðun fyrir norðan í vetur en lánmarkspáttaka er 30 hundar.

- **Hugo Quevedo – dæmir unga sýnendur, Auður Sif ætlar að bjóða honum gistingu frá sunnudegi til fimmtudags. Hann kemur til landsins á fimmtudaginn fyrir sýningu. Hann ætlar að bjóða upp á námskeið eftir sýninguna bæði fyrir unga sýnendur og aðra félagsmenn. Hann ætlar að gefa ungum sýnendum námskeiðið.**

12. Næsti fundir stjórnar: 2.september kl.17:00, 23. september kl.17:00, 14. október kl.17:00, 28. október kl.17:00.